

12. október 2021 kl 15:00

Mætt: Elín, Gerður, Inga María, Ólöf B, Agatha, Rafn, Steinunn Hafsteins sat hluta af fundi

Nemendur úr nemendaráði fengu færi á að heimsækja spjalla við skólaráð. Nemendur sem mættu voru:, Bergdís, Davíð, Emmy, Hildur, Katrín.

Nemendur ræddu skólann og skólastarfið, allir voru ánægðir með matinn í skólanum og sögðu að það væri gott að vera í Arnarskóla. Athugasemdir komu líka fram, um að það væri gaman að fá fleiri leiktæki á skólalóðina og að það væri skemmtilegt ef það væri hægt að halda ball eða kósýkvöld í skólanum, jafnvel gista eina nótt. Þegar nemendur höfðu rætt málin í u.þ.b. 20 mínútur þá viku nemendur af fundi og héldu áfram með skóladaginn sinn með hefðbundnum hætti.

Því næst var starfsáætlun kynnt og farið sérstaklega yfir innra mat skólans sem áætlað er að sinna á skólaárinu. Umræður sköpuðust um hvernig hægt væri að meta ánægju nemenda sem ekki geta tjáð sig með orðum eða myndum. Upp kom sú hugmynd að gert væri grein fyrir því í einstaklingsáætlunum með hvaða hætti matið væri einstaklingsmiðað að þörfum hvers nemanda og þá væri hægt að gera grein fyrir því markmiði með sama hætti og önnur námsmarkmið eru metin þegar farið er yfir framfarir í námi. Allir í skólaráði fengu útprentað eintak af starfsáætluninni og senda á skólastjóra að starfsáætlun sé samþykkt eða komið er með athugasemdir eins og hverjum og einum þykir þurfa. Ekki komu sérstakar athugasemdir fram á fundinum um starfsáætlun eftir að hún var kynnt.

Ákveðið var að foreldrafélag myndi taka frekar til skoðunar athugasemdir nemenda með mögulegt ball, skoða útfærslur og vera svo í sambandi við skólann og kynna mögulega framkvæmd. Skólinn mun svo liðsinna við útfærsluna eins og mögulegt er.

Fundi slitið kl 16:00